

3. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 6. nóvember 2019 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður og Dýrfinna Sigurjónsdóttir ásamt Aðalbjörgu Skúladóttur bókara og Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson.



1. Afreks- og styrktarsjóður Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar
Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir umsóknum.

2. Íþróttafólk Umf. Selfoss

Lagt til að verðlaunahátíð verði í Tíbrá miðvikudaginn 4. desember kl. 20:00. Framkvæmdastjóra falið að kynna fyrir deildum og auglýsa eftir tilnefningum.

3. Ungmennaráð Árborgar

Framkvæmdastjóra falið að ítreka við deildir að skila framboðum. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda póst á alla iðkendur Umf. Selfoss sem eru kjörgengir og skráðir eru í Nóra.

4. Jafnréttisáætlun Umf. Selfoss

Jafnréttisáætlun samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um stöðu jafnréttismála hjá félaginu og leggja fyrir næsta fund aðalstjórnar.

5. Íþrótt- og útivistarklúbbur Selfoss

Kynntar hugmyndir Sveitarfélagsins Árborg um breytt rekstrarform á íþrótt- og útivistarklúbbi Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi sveitarfélagsins og vinna málið áfram í samráði við framkvæmdastjórn.

6. Innra skipulag Umf. Selfoss

Farið var yfir skipulag og markmið vinnufundar aðalstjórnar og deilda Umf. Selfoss sem verður haldinn í Tíbrá fimmtudaginn 14. nóvember nk. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:26.
Fundargerð staðfest með tölvupósti.**